

# TILLÖGUR AÐ FRIÐLÝSINGUM Í GARÐABÆ

Umhverfisstofnun og Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsa hér með kynningu á eftirfarandi tillögum að friðlýsingu svæða innan marka Garðabæjar. Samanlögð stærð svæðanna á sjó og landi er um 535 ha. Svæði þau sem friðlýsingarnar ná til eru í eigu Garðabæjar. Umhverfisstofnun annast undirbúning og gerir tillögu til ráðherra.

## 1. SKERJAFJÖRÐUR

Lagt til að sá hluti Skerjafjarðar sem er innan bæjarmarka Garðabæjar, með fjörum ásamt grunnsævi alls, um 4,27 km<sup>2</sup> (427 ha) svæði verði friðlýstur sem búsvæði.

## 2. GÁLGAHRAUN

Lagt til að nyrsti hluti Búrfellshrauns, Gálgaakraun, alls um 1,08 km<sup>2</sup> (108 ha), verði friðlýst sem friðland.

Tillögurnar eru settar fram með friðlýsingarreglum og uppdráttum sem sýnir afmörkun svæðanna. Tillögurnar liggja frammi hjá Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24 og á bæjarskrifstofum Garðabæjar, frá 2. júlí til og með 6. ágúst 2009. Þær eru enn fremur aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar og Garðabæjar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum og/eða ábendingum rennur út föstudaginn 6. ágúst 2009. Skila skal athugasemdum til Umhverfisstofnunar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar.

**Nánari upplýsingar á [umhverfisstofnun.is](http://umhverfisstofnun.is) og [gardabaer.is](http://gardabaer.is)**



**UMHVERFISSTOFNUN**



**GARÐABÆR**